



Kópavogi, 15. apríl 2026

Efni: Okkar skóli – upphaf, markmið og framkvæmd

Upphaf og markmið verkefnisins *Okkar skóli*

Okkar skóli er lýðræðislegt þátttökuverkefni sem miðar að því að efla rödd barna í mótun eigin skólaumhverfis. Verkefnið byggir á því að nemendur fá raunverulegt ákvörðunarvald um hvernig tiltekinni fjárhæð (1.000 kr per nemanda) er ráðstafað árlega til umbóta á aðstöðu og umhverfi í sínum skóla.

Í kjölfar námsferðar starfsfólks menntasviðs árið 2019, þar sem verkefnið *Barnvænt sveitarfélag* var kynnt í borginni Aberdeen í Skotlandi, fengu þátttakendur jafnframt kynningu á verkefninu *Okkar skóli*. Verkefnið vakti mikinn áhuga starfsfólks enda samræmist það vel þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki innleiðingu Barnvæns sveitarfélags, þar sem áhersla er lögð á þátttöku, lýðræði og áhrif barna á eigið nærumhverfi. Í framhaldinu var ákveðið að hefja innleiðingu verkefnisins *Okkar skóli* í Kópavogi, samhliða innleiðingu *Barnvæns sveitarfélags*. Verkefnið styður með skýrum hætti við markmið þess og framkvæmd í skólastarfi og var tekið upp sem hluti af markvissri vinnu við að efla rödd barna og tryggja þeim raunveruleg áhrif á mótun skólaumhverfisins.

Markmið verkefnisins eru meðal annars:

- að efla lýðræðislega þátttöku barna,
- að styrkja ábyrgðartilfinningu nemenda og áhrif þeirra á eigið umhverfi,
- að þjálfar nemendur í hugmyndavinnu, umræðu, forgangsöðun og kosningum.

Framkvæmd verkefnisins

Verkefnið fer fram í skýrum og skipulögðum skrefum og unnið samræmt á milli skóla:

1. **Söfnun hugmynda**
Allir nemendur skólans fá tækifæri til að leggja fram hugmyndir að umbótum eða verkefnum.
2. **Kynning og mat á hugmyndum**
Stjórnendur fara yfir innsendar hugmyndir og meta hvaða tillögur eru framkvæmanlegar innan ramma verkefnisins. Þær hugmyndir sem standast mat eru kynntar nemendum.
3. **Kosning**
Allir nemendur hafa kosningarétt og kjósa þá hugmynd sem þeim líst best á.
4. **Kynning niðurstaðna**
Niðurstöður kosninga eru kynntar öllum í skólasamfélaginu.
5. **Framkvæmd**
Stjórnendur sjá um að koma vali nemenda í framkvæmd.



Tengsl við Barnvænt sveitarfélag

Verkefnið *Okkar skóli* styður beint við markmið *Barnvæns sveitarfélags* þar sem lögð er áhersla á:

- þátttöku barna í ákvarðanatöku,
- virðingu fyrir sjónarmiðum barna,
- raunveruleg áhrif barna á nærumhverfi sitt.

Verkefnið er jafnframt í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, einkum hvað varðar rétt barna til að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif á mál sem þau varða.

Tengsl við Réttindaskóla

Okkar skóli fellur einnig vel að hugmyndafræði Réttindaskóla þar sem unnið er markvisst með:

- mannréttindi barna í daglegu skólastarfi,
- lýðræði, jafnrétti og gagnkvæma virðingu,
- valdeflingu nemenda og ábyrgð þeirra í skólasamfélaginu.

Með verkefninu fá nemendur ekki einungis fræðslu um réttindi sín heldur einnig raunverulegt tækifæri til að nýta þau í framkvæmd.

Lokaorð

Okkar skóli er öflugt verkfæri til að efla lýðræði, þátttöku og ábyrgð barna. Verkefnið tengir saman skólastarf, mannréttindafræðslu og gildi Barnasáttmálans með skýrum hætti og styður við stefnu sveitarfélagsins um *Barnvænt sveitarfélag* í verki, ekki aðeins í orði.

Virðingarfyllt,

Amanda K. Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri menntasviðs

